



**191. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 10. nóvember 2011 kl. 16:00.**

**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Jón Gestur Viggósson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Garðar Svansson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sem ritaði fundargerð.**

**Forföll boðuðu: Helga H. Magnúsdóttir, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður og Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður.**

### **1. Formannafundur ÍSÍ**

Forseti fór yfir fyrirkomulag og dagskrá Formannafundar ÍSÍ sem haldinn verður á morgun, 11. nóvember.

Einnig skýrði hann frá fyrirkomulagi og dagskrá óformlegs fundar íþróttahéraða sem haldinn verður sama dag.

Gjaldkeri lagði fram minnisblað varðandi verkefnið Fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Samþykkt að leggja minnisblaðið fyrir Formannafund ÍSÍ og kanna hug fundarmanna til verkefnisins og framtíðar þess.

### **2. Fundur mennta- og menningarmálaráðherra með formönnum sérsambanda ÍSÍ og forystu ÍSÍ**

Fyrirhugað er að ofangreindur fundur verði haldinn 8. desember nk. Forseti fór yfir möguleg dagskráefni og verkaskiptingu. Rætt um að halda undirbúningsfund í byrjun desember með sérsamböndum ÍSÍ.

### **3. Fjárlagafrumvarp 2012**

Framkvæmdastjóri skýrði frá bréfi sem var sent bæði til Fjárlaganefndar Alþingis og fjármálaráðuneytis vegna Fjárlaga Alþingis 2012. Fjárlaganefnd Alþingis boðaði í kjölfarið til fundar með ÍSÍ sem haldinn verður í fyrramálið, sem embættismenn framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóri munu sækja.

### **4. Ólympísk verkefni**

5. Friðrik Einarsson formaður Afrekssviðs ÍSÍ fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning ólympískra verkefna.

#### **-Vetrarólympíuleikar ungmenna**

Undirbúningur er samkvæmt áætlun.

#### **-London 2012**

Staðan er óbreytt. Tveir afreksíþróttamenn hafa náð lágmarki til þátttöku á ÓL 2012.

Undirbúningsfundir standa yfir með þeim sérsamböndum og afreksíþróttafólki þeirra, sem hugsanlega geta tryggt sér þátttökurétt.

Fræðslufundur var haldinn með afreksíþróttafólki og fræðslufundurinn VITAMÍN fyrir ungt og framúrskarandi efnilegt íþróttafólk. Almenn ánægja var með báða fundina.

#### **-Smáþjóðaleikar 2015**

Ljóst er að skylmingar mun ekki verða samþykkt af stjórn GSSE sem íþróttagrein á Smáþjóðaleikunum sem haldnir verða hér á landi árið 2015. Einnig er tvísýnt um að badminton verði samþykkt en reyna á til þrautar að fá það í gegn á fundi framkvæmdastjórnar GSSE sem haldinn verður í Sochi í lok mánaðarins.

Samþykkt að leggja þar til eftirfarandi valgreinar á Smáþjóðaleikunum 2015: fimleika og badminton (til vara golf og síðan skvass).

## **6. Íþróttamaður ársins**

Sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna um kjör íþróttamanna og kvenna sérgreina og kjör Íþróttamanns ársins verður haldið á Grand Hótel Reykjavík, 5. janúar 2012.

## **7. Afmæli ÍSÍ 2012**

Örn Andrésson formaður Afmælisnefndar ÍSÍ skýrði frá ráðningu Hjördísar Guðmundsdóttur í starf verkefnastjóra um undirbúning afmælisins. Hjördís þekkir íþróttahreyfinguna vel en hún var starfsmaður Íþróttabandalags Reykjavíkur um árabíl. Hjördís hóf störf 1. nóvember sl. Kynning verður á undirbúningi afmælisársins á Formannafundi ÍSÍ á morgun. Fyrirhugað er að halda sérstakan hátíðarfund framkvæmdastjórnar ÍSÍ á afmælisdaginn, 28. janúar 2012, en Íþróttasamband Íslands var einmitt stofnað á þessum slóðum í miðbæ Reykjavíkur árið 1912 eða nánar tiltekið í Bárubúð.

## **8. Heiðranir**

Engar tilnefningar liggja fyrir.

## **9. Fundargerðir**

### **Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:**

- 190. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ
- Framkvæmdaráðs ÍSÍ 10. nóvember 2011
- Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ frá 26. október 2011
- Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ frá 2. nóvember 2011
- Fjármálaráðs ÍSÍ frá 9. nóvember 2011

Gunnar Bragason gjaldkeri kynnti tillögu til útbreiðslustyrks til héraðssambanda og íþróttabandalaga. Tillagan samþykkt.

## **10. Viðburðir framundan**

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru.

## **11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða 8. desember nk. kl. 12:00 og 4. janúar kl. 12:00.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir, fundarritari